

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fjórða ársfjórðungi 2016

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2016 og stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 44,7 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 100,7 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður um 13,3 ma.kr. en þjónustujöfnuður² mældist hagstæður um 43,4 ma.kr. Jöfnuður frumpáttatekna var hagstæður um 19,3 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 4,8 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 3.837 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.811 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 26 ma.kr. eða sem nam 1,1% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 36 ma.kr. eða sem nam 1,5% af VLF, á milli ársfjórðunga. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 113 ma.kr. Skuldir lækkuðu um 113 ma.kr. en erlendar eignir breyttust ekki vegna fjármagnsviðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 79 ma.kr. á ársfjórðungnum. Gengi krónunnar hækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum, um 5,8% miðað við gengisskráningarvog.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2015, Q4</u>	<u>2016, Q1</u>	<u>2016, Q2</u>	<u>2016, Q3</u>	<u>2016, Q4</u>
Viðskiptajöfnuður	16,0	14,9	33,2	100,7	44,7
Vöruskiptajöfnuður	-14,7	-26,4	-39,4	-22,4	-13,3
Þjónustujöfnuður	23,2	29,9	64,8	122,2	43,4
Jöfnuður frumþáttatekna	11,7	15,0	12,3	4,4	19,3
Rekstrarframlög, nettó	-4,2	-3,6	-4,5	-3,5	-4,8
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,3	-0,4	-0,2	-0,5
Fjármagnsjöfnuður	23,7	6,0	74,2	53,3	113,1
Bein fjárfesting	-15,5	-37,1	49,1	-85,0	-13,4
Verðbréf	610,0	69,8	126,9	-31,9	58,5
Afleiður	-0,1	0,7	1,1	0,8	0,4
Önnur fjárfesting	-638,0	-125,7	-76,5	53,6	-33,6
Gjaldeyrisforði	67,2	98,3	-26,2	115,8	101,2
Skekkiur og vantalið, nettó	8,1	-8,5	41,4	-47,2	68,9

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok Q3 2016	Fjármagnsjöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok Q4 2016
Erlendar eignir, alls	4.048	0	-209	-2	3.837
Bein fjárfesting	1.752	-92	-110	17	1.567
Verðbréf	925	36	-24	0	936
Afleiður*	7	0	0	0	7
Önnur fjárfesting	605	-45	-30	-18	512
Gjaldeyrisforði	760	101	-45	-1	815
Erlendar skuldir, alls	4.058	-113	-130	-4	3.811
Bein fjárfesting	2.098	-78	-30	0	1.990
Verðbréf	1.354	-23	-85	-4	1.241
Afleiður*	10	0	0	0	10
Önnur fjárfesting	596	-12	-15	0	569
Hrein staða við útlönd	-9	113	-79	2	26
Hrein staða við útlönd, % af VLF	-0,4%	4,7%	-3,2%	0,1%	1,1%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasíðu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.